

SAGEMCOM 387 (LITLI) þráðlaus

Upplýsingar um virkni

- Einn af tveimur myndlyklum sem virkar á þráðlausu neti.
- Virkar að eins á 5 GHz þráðlausu neti, stundum kallað Super Wifi.
- Myndlyklar sem eru þráðlaust tengdir hafa takmarkað stöðvaframboð og notkun telur í gagnanotkun.
- Þráðlausir myndlyklar sýnir áskriftir sem eru inni.
- Sýna 18 stöðvar sem eru: RÚV, Sjónvarp Símans, Stöð 2, N4, Eurosport, Eurosport 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, DR1, SVT1, History Channel, Discovery, National Geographic, Sky News, Boomerang, E!, RÚV 2, NRK1 HD.
- Sjónvarp Símans Premium, Frelsi, SíminnBíó og SíminnKrakkar virkar einnig á þráðlausu viðmóti.
- Það er hægt að nota myndlykilinn þráðlaust heima við, en við mælum með að tengja myndlykla beint við beini. Þá eru engar takmarkanir á sjónvarpsefni og notkun telur ekki í gagnanotku.
- Þráðlausa myndlykla er einnig hægt að tengja í gegnum farsímanet (3G/4G).


Hvað fylgir með í kassanum

- Myndlykillinn
- Straumbreytir
- Netsnúra
- HDMI snúra
- Leiðarvísir

Hvernig tengi ég myndlykilinn

1. Staðsettu myndlykilinn sem næst beini eða síma sem á að tengja við. Ef það er ekki nógu góð þráðlaus tenging á milli myndlykils og netbúnaðar geta komið truflanir á útsendingu.
2. Tengdu HDMI snúru milli myndlykils og sjónvarpsins.
3. Tengdu straumbreytinn við myndlykilinn og settu í samband við rafmagn.
4. Kveiktu á sjónvarpinu og stilltu á rétta HDMI rás. Á flestum sjónvörpum stendur við HDMI tengið þar sem snúran er tengd, númer hvað HDMI rásin er. Á flestum sjónvarpsfjarstýingum er skipt milli HDMI rása með því að ýta á takka merktur **Source** eða **Input** (sjá dæmi) og nota örvatakka á fjarstýingunni til að velja á milli HDMI rása.

Dæmi um **Source** eða **Input** takka



5. Á skjánum kemur tilkynning um að ekki sé netsamband og þarf á það ýta á „Menu“ takkann á fjarstýringunni til að fara í þráðlausa uppsetningu.
6. Þá koma upp tveir tengimöguleikar; WPS uppsetning og velja úr lista þráðlausra tenginga.
7. Veldu einn möguleika.
8. Fylgdu leiðbeiningum sem koma á skjáinn til að tengja myndlykilinn.

Eftir skamma stund kemur upp viðmót Sjónvarp Símans.

MYND OG HLJÓMGÆÐI

Myndlykill aðlagar myndgæðin eftir því hversu hröð nettengingin þín er. Ef hraði fer niður á nettengingu þá minnka myndgæði í kjölfarið, eins og hraðinn eykst þá aukast gæðin á útsendingunni. Yfir gott netsamband getur streymið verið að nota allt að 2 GB af gagnamagni á klukkustund. Það er því mikilvægt að vera með rétta áskrift fyrir netbúnaðinn.

Við mælum með að fylgjast vel með gagngamagnsnotkunni þinni og breyta áskriftum ef þess þarf. Við mælum með því að tengja myndlykilinn við 4G búnað eins og 4G router eða slíkt, hægt er að skoða úrvalið sem er í boði hjá Símanum í vefverslun okkar.

Myndlykilinn styður Dolby hljóðgæði, framleitt samkvæmt leyfi frá Dolby Laboratories. Dolby, Dolby Audio og tvöfalda D-táknið eru vörumerki Dolby Laboratories.

SAGEMCOM 387 (LITLI) snúrutengdur

Hvað fylgir með í kassanum

- Myndlykillinn
- Straumbreytir
- Netsnúra
- HDMI snúra
- Leiðarvísir

Hvernig tengi ég myndlykilinn


1. Tengdu netsnúru úr myndlyklinum og yfir í gul tengi númer 3 eða 4 á beininum.
2. Tengdu HDMI snúru milli myndlykils og sjónvarpsins.
3. Tengdu straumbreytinn við myndlykilinn og settu í samband við rafmagn.
4. Kveiktu á sjónvarpinu og stilltu á rétta HDMI rás. Á flestum sjónvörpum stendur við HDMI tengið þar sem snúran er tengd, númer hvað HDMI rásin er. Á flestum sjónvarpsfjarstýingum er skipt milli HDMI rása með því að ýta á takka merktur **Source** eða **Input** (sjá dæmi) og nota örvatakka á fjarstýingunni til að velja á milli HDMI rása.

Dæmi um **Source** eða **Input** takka



5. Myndlykill kveikir á sér sjálfur og upp kemur skjár sem stendur á „Bíðið augnablik“

Eftir skamma stund kemur upp viðmót Sjóntvarp Símans



Hvernig tengi ég myndlykil ef beinir er á öðrum stað í húsinu?

Hægt er að kaupa svokallaðar Videobrýr sem senda netmerkið þráðlaust á milli sín.

- Fylgja þarf leiðbeiningum sem fylgja með þeim tækum til að tengja í gegnum þau.
- Hægt er að skoða vöruúrvalið okkar í vefverslun Símans.